

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Skipulagsnefnd
Varðandi: Lárus Árni Wöhler

Nr. erindis 201805176/40.1
Dags.: 12. júlí 2018
Málefni: Umsögn vegna umsóknar um stækkun lóðar við Björtuhlíð 25

Skipulagsnefnd samþykkti á 462. fundi sínum þann 22.maí 2018 að vísa erindi Lárusar Árna Wöhler og Hafdísar Hallgrímsdóttur um stækkun lóðar við Björtuhlíð 25 til skoðunar hjá umhverfissviði.

Mosfellsbæ barst fyrr á árinu kvartanir um skuggamyndun frá öspum sem staðsettar eru á svæðinu sem um ræðir. Við eftirlit umhverfissviðs kom í ljós að íbúar við Björtuhlíð 25 hafa stækkað lóð sína í óleyfi með flutningi girðingar um 6 metra að norðanverðu og 2 metra að sunnanverðu að göngustíg milli húsa. Aspir sem kvartað var yfir eru því í landi Mosfellsbæjar en tilheyra íbúum við Björtuhlíð 25.

Í byggingarreglugerð er skýrt kveðið á um að lóðarhafa sé skylt að halda vexti trjáa og runna innan lóðarmarka. Ekki má planta hávöxnum trjátegundum nær lóðarmörkum aðliggjandi lóða en 4,0 metra og við lóðarmörk má hæð þeirra ekki verða meiri en 1,8 metrar, nema með samþykki nágranna. Trjágróður sem liggur að götu, gangstétt eða opnu svæði má ná meiri hæð ef fyrir liggur samþykki veghaldara eða umráðaaðila viðkomandi svæðis.

Í samræmi við ofangreint er ljóst að nauðsynlegt er að lækka trjágróður á lóðarmörkum á þessum stað.

Umhverfissvið er jákvætt fyrir því að umræddur aðili fái að stækka lóð sína eins og sótt er um, með því skilyrði að aspir sem staðsettar eru á svæðinu verði grisjaðar og þeim fækkað verulega, í fullu samráði við garðyrkjudeild Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllst.,



Tómas Guðberg Gíslason